



Áslandsskóli

Reglur um nemendaaðgengi að þráðlausu neti

Allir nemendur grunnskólanna verði með persónulegt aðgengi inn á staðbundið net skóla („Hafnarfjarðar domain“) frá 1. bekk (bekkjaraðgengi hætt) en frá 4. bekk hafi allir nemendur þann aðgang sömuleiðis þráðlausan. Skólastjórar getur þó hleypt einstaka nemendum/bekkjum fyrr inn á þráðlausu netið telji þeir það nauðsynlegt fyrir skólastarfið, sem þeir tilkynna tölvudeild. Síðar verði skoðað hvort aðgengi allra á þráðlaust net verði fært neðar uns öllum grunnskólanum er náð. Geti tekið gildi strax eða um leið og tæknilega sé búið að útfæra framkvæmdina.

- Þráðlausu netið verði sjálfkrafa opið frá kl. 8-16.30 alla skóladaga. Það hafi engar sértækar takmarkanir umfram þær sem lúta að almennum tæknilegum kerfislögmálum og siðferðilegum atriðum sem tengjast tölvunotkun nemenda, og gildir þar hið sama á staðbundnu neti og þráðlausu.

- Aðgangsstýringar nemenda á þráðlausu svæði séu hinar sömu og á staðbundnu neti skóla, þ.e. sömu „polisíur“ gilda, en eðli þráðlausu netsins er þó hægari hraði en á staðbundnu neti. Þó munu nemendatæki sem koma inn á þráðlaust net hafa ekki aðgang að efni og svæðum nemendanna á „Hafnarfjörður-domain“ eða prentun í skóla og öll gagnvarðveisla þeirra þar verður að gerast á eigin vegum, þ.e. á tækið sjálft eða í persónulegu aðgengi „í skýjum“. Nemendatæki sem koma inn á þráðlaust net skóla eru á eigin ábyrgð varðandi öryggi, þjófnað, skemmdir og vírusvarnir.

- Engir samningar verði gerðir sérstaklega við nemendur um aðgengið inn á þráðlausu netið því almennar skólareglur, og tölvureglur tengdar þeim ef við á, gilda um alla tölvunotkun nemenda í skóla óháð tengingu. Það skal kynnt vel foreldrum á vef skóla og í starfsáætlun skóla.

9.1.2015

LSG